

Reykjavík 13. september 2016

TÚLKUN

Breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar og flöggunarskylda

Fjármálaeftirlitið telur að við mat á flöggunarskyldu samkvæmt 78.-80. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.) skuli miða við það hvernig staða atkvæðisréttar hefur breyst í lok dags frá því sem var við lok dagsins á undan.

Fjármálaeftirlitið telur þannig flöggunarskyldu ekki stofnast þó atkvæðisréttur aðila nái, hækki yfir eða lækki niður fyrir flöggunarskyld mörk, ef sami aðili aflar eða ráðstafar hlutunum aftur innan sama dags þannig að nettó staða atkvæðisréttar í lok dags hefur ekki náð, hækkað yfir eða lækkað niður fyrir þau mörk sem tiltekin eru í 78. gr. vvl.

Til nánari útskýringar má taka dæmi af fjárfesti sem að morgni kaupir hlutabréf sem veitir honum 5% atkvæðisréttar í viðkomandi útgefanda, en selur hlutabréfin aftur síðdegis sama dag með þeim afleiðingum að hann fer undir 5% atkvæðisréttar. Í slíku tilviki þarf ekki að senda flöggunartilkynningu í samræmi við ákvæði IX. kafla vvl.

Enn fremur má taka dæmi af fjárfesti sem er undir 5% mörkum atkvæðisréttar í upphafi dags, fer yfir 10% mörkin með kaupum um miðjan dag en fer niður í 9% atkvæðisréttar með sölu hlutabréfanna fyrir lok sama viðskiptadags. Fjárfestinum ber þá að senda flöggunartilkynningu um að hann hafi farið yfir 5% mörk atkvæðisréttar, sbr. 78. gr. vvl.